



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 140/58  
komudagur 7.11.2011

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi  
efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. nóvember 2011 R2011110007  
T-ums 34/11

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003,  
um tekjuskatt, með síðari breytingum - 41. mál, þskj. 41.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 3. nóvember 2011 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að við framtalsgerð árin 2012 til 2016 skuli framtalsskyldir aðilar tilgreina allar skuldaeftirgjafir sem þeir hafa fengið, óháð því hvort að eftirgjöfin teljist til tekna eða ekki. Lagt er til að ríkisskattstjóri ákveði framtalsmátann. Jafnframt er lagt til að í álagningarskrá og skattskrá verði tilgreindar þær skuldaeftirgjafir sem gjaldandi hefur þegið og eru að fjárhæð kr. 100 milljónir eða meira ásamt upplýsingum um hver hafi felld skuldarnar niður.

Í álagningar- og skattskrár eru birtar upplýsingar um álagningu opinberra gjalda og eftir atvikum ákvörðun sérstakra bótagreiðslna. Birting einstakra upplýsinga úr framtölum - hversu áhugaverðar sem þær kunna að vera - væri verulegt frávík frá því fyrirkomulagi sem um þær upplýsingar hefur gilt frá upphafi. Álagningar- og skattskrár eru til þess eins hugsaðar að birta upplýsingar um niðurstöðu álagningar reikningslega séð en ekki til birtingar á einstökum upplýsingum um hvernig tilteknir reitir á framtölum hafi verið útfylltir, hvort heldur það væru áritaðar upplýsingar af hálfu ríkisskattstjóra eða framteljandi fyllti slíkar upplýsingar sjálfur út. Ef sú tillaga sem lögð er til í frumvarpinu væri samþykkt er ljóst að með slíku skrefi væri jafnframt verið að opna fyrir að ýmsar aðrar upplýsingar birtust í álagningar- og skattskrár eftir ákvörðun hverju sinni, sem er í eðli sínu óheppilegt fyrirkomulag. Standi vilji Alþingis til slíkra birtingar er heppilegra að það verði gert með öðrum hætti, svo sem á vefsíðu ríkisskattstjóra

Augljóst er að ef tillagan verði samþykkt muni það kalla á breytingar á tölvukerfum og framsetningu upplýsinga af hálfu ríkisskattstjóra. Kostnaður vegna þess er á þessu stigi alveg ófyrirséður en ljóst er þó að slíkt mun kosta nokkra fjármuni.

Virðingarfyllt

  
Skúli Eggert Þórðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir